



# RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd Austurstræti 8-10 150 Reykjavík	28. janúar 2019	18120028 11.01 GJJ/SEÞ/ih

## Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðarsjóð – 434. mál, þskj. 594.

### I Almennt

Ríkisendurskoðandi hefur þann 17. desember 2018 móttengið tölvupóst þar sem gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu er lagt til að komið verði á fót svokölluðum Þjóðarsjóði. Markmið laganna er að treysta fjárhagslegan styrk ríkissjóðs til að mæta afleiðingum af meiriháttar ófyrirséðum áföllum sem þjóðarbúið verður fyrir sbr. 1. gr. frumvarpsins.

### II. Stofnun og starfræksla Þjóðarsjóðs

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að starfrækja skuli sjóð í eigu íslenska ríkisins sem nefnist Þjóðarsjóður. Sjóðurinn mun heyra stjórnarfræga undir ráðherra. Hlutverk hans er að varðveita og ávaxta fjármuni sem ríkissjóður mun leggja honum til. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að gert sé ráð fyrir að sjóðurinn fái framlög úr ríkissjóði sem svari til tekna næstliðins árs af arðgreiðslum og leigugreiðslum frá orkuvinnslufyrirtækjum sbr. og 5. gr. frumvarpsins.

Þegar horft er til ákvæða laga um opinber fjármál nr. 123/2015 myndi sjóður sem þessi falla undir A-hluta ríkissjóðs sbr. 1. tölul. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 123/2015, a.m.k. á meðan að sjóðurinn er fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Reikningsskil sjóðsins skulu gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn. Ef sjóðurinn á ekki að teljast A-hluta stofnun þá væri heppilegra að skýrt væri tekið fram um hvers kyns ríkisaðila sé að ræða.

### III. Ráðstöfun úr sjóðnum

Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að við tiltekna aðstæður sé heimilt að veita fé úr Þjóðarsjóði til ríkissjóðs. Fjárveiting geti numið allt að helmingi eigna sjóðsins á hverjum tíma. Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins kemur fram að heimilt sé að veita fé úr Þjóðarsjóði til ríkissjóðs vegna tiltekna áfalls sem nemur allt að helmingi eigna sjóðsins á hverjum tíma og „skal þá miða við eignir hans í lok næstliðins almanaksárs“ eins og þar segir. Af þessu tilefni vill ríkisendurskoðandi benda á að ákvæði 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að stjórn sjóðsins skuli ársfjórðungslega gera ráðherra grein fyrir starfsemi sjóðsins, fjárfestingum og rekstri hans. Staða sjóðsins á þannig að vera stjórn og ráðherra ljós á hverjum tíma. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar sjóðsins verði í skráðum markaðsverðbréfum þannig að verðmæti fjárfestinga getur breyst töluvert á stuttum tíma. Engu að síður er gert ráð fyrir í greinargerð

frumvarpsins að við úthlutun beri að miða við síðustu áramótastöðu. Réttara væri að slíkt viðmið væri lögbundið en ekki eingöngu að finna í lögskýringargögnum.


#### IV. Endurskoðun sjóðsins

Í 12. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ársreikningur sjóðsins skuli endurskoðaður af ríkisendurskoðanda. Ljóst er að endurskoðun sjóðs sem þessa kallar á umfangsmikla árlega endurskoðun með aðkeyptri þjónustu sérfræðinga í endurskoðun fyrirtækja/sjóða á fjármálamarkaði, auk þess sem afla þarf staðfestinga frá erlendum aðilum. Af þeim sökum er rökrétt að kostnaður við endurskoðun sjóðs af þessu tagi yrði greiddur af sjóðnum, svo sem er um aðra sjóði með svipuð verkefni.

Eins og bent var á hér að framan gerir 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins ráð fyrir ársfjórðungslegri upplýsingagjöf um starfsemi sjóðsins, rekstur og fjárfestingar hans. Æskilegt er að slík uppgjör væru staðfest af ríkisendurskoðanda með könnunaráritun. Slíkt uppgjör myndi styðja við ákvæði 6. gr. frumvarpsins um heimila ráðstöfun.

Að öðru leyti gerir ríkisendurskoðandi ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Andri J. Jónsd.